

Könnunarsamantekt á innri HIV tengdri stimplun: birtingarmyndir, mælitæki og meðferðir



Innri HIV tengd stimplun getur birst sem persónubundin stimplun, áhyggjur af opinberun, neikvæð sjálfsmynd og/eða áhyggjur af viðhorfum almennings

- Ósamræmi í skilgreiningum hugtaka og atriðum mælitækja
- Skortur á gagnreyndum meðferðum til að draga úr innri stimplun
- Þjónusta hjúkrunarfræðinga við HIV jákvæða er umtalsverð og á sér langa sögu, en skýra þarf hlutverk þeirra betur

Könnunarsamantekt á meðferðarrannsóknum

- Birtingarmyndir stimplunar meðal HIV jákvæðra skoðaðar út frá þeim mælitækjum sem voru notuð
- Samantekt á meðferðum gegn innri stimplun meðal HIV jákvæðra og eiga erindi við hjúkrun

Nítján rannsóknir með tæplega fimm þúsund þátttakendum uppfylltu skilyrði

- Sjö mismunandi mælitæki notuð en algengust var notkun á *HIV stigma scale*
- Birtingarmyndir voru sambærilegar milli mælitækja en niðurstöður þáttagreiningar ólíkar
- Atriði sem endurspegluðu neikvæða sjálfsmynd voru hluti af öllum mælitækjum en persónubundin stimplun aðeins hluti af þremur
- Stimplun, sjálfsmynd og sjálfsefning, félagsleg samskipti og opinberun helsta viðfangsefni meðferða

Veruleg þekking er til staðar um birtingarmyndir stimplunar sem hagnýta má í klínísku starfi hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingar sem sinna HIV jákvæðum eru í lykilstöðu til að mæta þörfum þeirra fyrir fræðslu og sálfélagslegan stuðning í kjölfar greiningar